

Foreldrafélagsfundur 14.júní 2021

Mættar: Anna leikskólastjóri/gjaldkeri, Ása formaður, Edda ritari, Rósa, Harpa, María, Bjarney og Eydís meðstjórnendur.

Karellen

- Umræða um nýju uppfærsluna og flestar með neikvæða reynslu. Erfitt í notkun og myndirnar koma ekki alltaf inn og þær sem eru með fleiri en eitt barn sjá bara annað barnið.

Uppgjör

Sumarhátíðin

- 41.000 kr fyrir pylsur og pylsubrauð
- 33.000 kr. Hoppukastalarnir
- 115.000 kr. Hestarnir

Útskriftarferð elstu barna er ekki komin og verður greidd af foreldrafélaginu.

Önnur mál

- Stefnum á að fara í sveitaferð á næsta ári með foreldrum. Það væri gott að panta tímanlega.
- Barnahópurinn næsta vetur aðeins ræddur. Hvernig raðast í hópana og fjöldi barna.
- Eldhúsið – aðstoðarmatráður er komin í veikindaleyfi og óvíst hvenær hún kemur tilbaka. Matráðurinn klemmdi sig og er einnig komin í veikindaleyfi. Skólamatur sér um eldhúsið fram á haust.
- Líðan starfsmanna er almennt góð og það er gleði í hópnum og tekið vel á móti börnum og starfsmönnum.
- Starfsmannavelta – nokkrar breytingar innanhús. Það gengur ágætlega að ráða.
- Vinnustytting hefur almennt gengið vel. Það er tekin lágmarksstytting, aðra hverja viku 2 ½ klst. Foreldrar hafa ekki fundið fyrir styttingunni. Mikil samvinna á milli deilda.
- Aðalfundur foreldrafélagsins – stefnum á fund með fræðslu í lok september. Hugmyndir: þær sem eru með uppeldisspjallið Viðja, svefnráðgjöf eða önnur hegðunarráðgjöf.

Hvað er framundan, stefnum á halda dagskrá leikskólans fyrir covid óbreyttri

- Fá danskennarann í hús
- Myndataka
- Piparkökumálun
- Opið hús – kaka í boði foreldrafélagsins
- Sveitaferð (Bjarneyjarsandur)

Foreldrafélagið er almennt mjög ánægt með störf leikskólans og hafa heyrt að leikskólinn er með gott orð á sér í bænum 😊 Það var gaman að hittast loksins og spjalla saman um daginn og veginn.